

Gjöf til Læknafélags Íslands 60 árgangar af Læknablaðinu

Á DÖGUNUM kom Gunnlaugur Snædal læknir og fyrirverandi formaður Læknafélags Reykjavíkur og stjórnarmaður í Læknafélagi Íslands ferandi hendi í Hlíðasmára 8. Hann hafði meðferðis 60 árganga af Læknablaðinu, fagurlega innbundna, og afhenti þá LÍ að gjöf. Þarna er um að ræða alla árganga frá því blaðið hóf göngu sína árið 1915 fram til 1974.

Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ veitti gjöfinni viðtöku og þakkaði fyrir hana. Bað hann Gunnlaug síðan að aðstoða sig við að stimpla fyrsta árganginn með sérstökum stimpli sem hann hafði látið útbúa og merkja það þannig bæði gefanda og þiggjanda. Með Gunnlaugi í för voru tveir synir hans, Jón og Kristján, og einnig sonardóttirin Jóhanna Kristjánsdóttir.

*Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ
og Gunnlaugur Snædal stimpla fyrsta árganginn.*



Gunnlaugur Snædal og sonardóttirin Jóhanna á milli sonanna Jóns (til vinstri) og Kristjáns. Gjöfin er á borðinu fyrir framan þau.

Fallið frá innheimtu lyfjæftirlitsgjalds

Í AGÚSTMÁNUÐI í sumar ritaði Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ bréf til Lyfjastofnunar þar sem hann mótmælti innheimtu lyfjæftirlitsgjalds fyrir árið 2002. Nú hefur Lyfjastofnun svarað þessu bréfi og er það svar svohljóðandi:

Lyfjæftirlitsgjöld árið 2002

Við er í bréf Læknafélags Íslands, dags. 20. ágúst, vegna álagningar lyfjæftirlitsgjalda árið 2002. Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun taka fram að stofnunin hefur fallið frá álagningu lyfjæftirlitsgjalds árið 2002 á einstaka lækna, sem kaupa lyf í heildsölu í eigin nafni. Engar breytingar hafa verið gerðar vegna innheimtu eftirlitsgjalds á læknastöðvar. Fjársýsla ríkisins hefur verið upplýst um þessa ákvörðun og mun stofnunin endurgreiða þeim sem hafa greitt eftirlitsgjöld í samræmi við það.


F.h. Lyfjastofnunar,
Daníel Viðarsson
Sviðstjóri gæða- og eftirlitssviðs

Handbók um reykleysi

ÚT ER KOMIN handbók fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem fjallar um reykleysismeðferð og tóbaksvarnir. Bókin nefnist Tært loft og er unnin með hliðsjón af breskri bók, „Cleaning the air“, en staðfærð og lögð að íslenskum aðstæðum. Í henni er að finna leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsfólk um hvernig það getur aðstoðað fólk við að hætta að reykja á sem áhrifaríkastan hátt.

Tilgangur bókarinnar er að

- auka þekkingu heilbrigðisstarfsmanna á áhrifum reykinga á lýðheilsu
- kynna helstu ákvæði tóbaksvarnarlaga
- veita heilbrigðisstarfsfólki upplýsingar um reykleysismeðferð í því skyni að bæta hæfni þeirra og öryggi á því sviði
- styðja heilbrigðisstarfsfólk til að veita markvissa aðstoð til reykleysis



- kynna úrræði og helstu leiðir við framkvæmd reykleysismeðferðar
- bæta þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á lyfjameðferð við tóbaksfíkn með og án níkótíns og auka hæfni þess til að ráðleggja reyk-ingamönnum um lyfjameðferð og gerð áætlunar fyrir hvern og einn.

Bókin fæst hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

(Úr fréttatilkynningu)